

Miðvikudaginn 14. desember 1983.

Nr. 206/1981. **Theodóra h/f**

(Gísli G. Ísleifsson hrl.)

gegn

Gústaf Þór Tryggvasyni hdl.

f. h. Top Coat Ltd.

og gagnsök

(Othar Örn Petersen hrl.).

Lausafjárkaup. Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefndu 30. september 1981. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum £ 906.40 með 15% ársvöxtum af £ 538.40 frá 20. ágúst 1979 til 11. september s. á., en af £ 906.40 frá þeim degi til 13. febrúar 1981, 14% ársvöxtum frá þeim degi til 21. apríl 1982, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 12% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, en með 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðr í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ekki verður á það fallist með aðaláfrýjanda, sem ekki hafði uppi frávísunarkröfu fyrir héraðsdómi, að mál þetta sé svo vanreifað af hendi gagnáfrýjanda, að ómerkja beri hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi. Verður frávísunarkrafa hans því ekki tekin til greina.

Vörur þær, er málið fjallar um, telur gagnáfrýjandi sig hafa sent aðaláfrýjanda til efnda á vörupöntun, sem aðaláfrýjandi hafi gert hjá honum samkvæmt óundirrituðum pöntunarseðli 4. júní 1979. Hafi hinar pöntuðu vörur verið afgreiddar í þrennu lagi og afhentar

til flutnings 1. ágúst, 30. ágúst og 19. september 1979. Varðar ágreiningur málsaðilja aðeins hinar tvær síðari sendingar.

Aðaláfrýjandi hefur viðurkennt, að hann hafi pantað vörur hjá gagnáfrýjanda áðurgreindan dag. Hann veitti viðtöku fyrstu sendingunni frá gagnáfrýjanda og greiddi hana án athugasemda að því er best verður séð. Eins og hér hagaði til, hlaut honum að vera ljóst, að einnig hinar síðari sendingar voru af hendi gagnáfrýjanda ætlaðar til efnda á umræddri vörupöntun frá 4. júní. Bar honum þá að tilkynna gagnáfrýjanda án tafar, ef hann vildi synja vörunum viðtöku vegna þess, að þær væru umfram pöntunina eða í ósamræmi við hana að gæðum. Slíka tilkynningu sendi hann ekki í tæka tíð, svo að séð verði. Getur hann því ekki synjað greiðslu á kaupverði varanna.

Í málflutningi hafa aðiljar ekki miðað við annað en að um sakar efnið skuli að öllu leyti dæmt að íslenskum lögum, þar á meðal um dráttarvexti.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um annað en vexti, sem ekki verða dæmdir frá fyrri tíma en afhendingardegi vörunnar, sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 39/1922. Samkvæmt þessu, auglýsingum Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir o. fl., þeim er í gildi hafa verið á þeim tíma, er hér skiptir máli, svo og kröfugerð gagnáfrýjanda verða vextirnir ákveðnir þeir, er í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 12.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir verði 15% ársvextir af £ 538.40 frá 30. ágúst 1979 til 19. september 1979 og af £ 906.40 frá þeim degi til 1. júní 1980, en frá þeim degi til 21. apríl 1982 eiga vextir af dæmdri fjárhæð að vera 6% hærri ársvextir og frá 21. apríl 1982 til greiðsludags 5% hærri ársvextir en vextir af innlendum gjaldeyrisreikningum í enskum sterlingspundum, eins og þeir hafa verið á hverju tíma.

Aðaláfrýjandi, Theodóra h/f, greiði gagnáfrýjanda, Gústaf

Pór Tryggvasyni héraðsdómslögmanni f. h. Top Coat Ltd.,
12.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðagðri aðför aðlögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 2. júlí 1981.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. júní sl., hefur Gústaf Pór Tryggvason héraðsdómslögmaður f. h. Top Coat Ltd., London, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 23. október 1980, á hendur Theodóru h/f, Skólavörðustíg 5, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð £ 906.40 með 15% ársvöxtum af £ 538.40 frá 20. ágúst 1979 til 11. september s. á., en af £ 906.40 frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu skv. reikningi eða mati dómsins.

Stefnda krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu, en til vara verulegrar lækunar á kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Stefnandi kveður skuldina vera vegna kaupa stefndu á dömukápum frá stefnanda, sbr. reikninga nr. 9438, dags. 20. mars 1979, að fjárhæð £ 606.04, og nr. 9585, dags. 11. september 1979, að fjárhæð £ 368.00, en að frádreginni innleggsnótu nr. 4351, dags. 5. júní 1979, að fjárhæð £ 68.00. Vörurnar hafi komið flugleiðis til landsins. Stefnda hafi ekki fengist til að veita vörum þessu móttöku eða greiða andvirði þeirra.

Svala Kristine Wigeland, stjórnarformaður stendur, hefur komið fyrir dóm. Hún skýrði svo frá, að hún hafi ekki pantað umræddar vörur. Hún hafi ekki pantað annað en það, sem hún hafi leyst út hjá fyrirtæki stefnanda. Hún hafi leyst út tvær gerðir af jökkum, sem hún hafði pantað „af illri nauðsyn“ hjá stefnanda, vegna þess að sumarið áður hafi þeir sent henni bleika og græna jakka, sem hún hafði aldrei pantað. Hún hafi þá farið út með fulla stóra ferðatösku af þessum jökkum og skilað þeim, en hún hafi verið búinn að greiða þá í banka. Fyrirsvarsmenn stefnanda hafi neitað að greiða henni til baka jakkana, en hafi samt viðurkennt, að hún hafi aldrei pantað þá. Þeir hafi sagt henni, að hún yrði að panta eitthvað fyrir veturinn og þá skyldu þeir draga 5—6 £ frá hverjum jakka. Hún hafi síðan pantað tvær gerðir, sem hún leysti út, sennilega í nóvember. Sú sending hafi að meira og minna leyti verið frábrugðin því, sem hún hafi pantað.

Stefnda kvaðst ekki kannast við að hafa pantað vöru þá, sem mál þetta

snýst um, að öðru leyti en því, að með sendingunni hafi komið nokkrir jakkar, sem hún hafði pantað áður og sem vantaði upp á þá sendingu, þeim hafi verið bætt við þessa sendingu, sem hún hafði ekki pantað. Hún hafi ekki leyst út þann hluta sendingarinnar, það væri ekki hægt. Varan hafi að öðru leyti verið stórgölluð, allt öðruvísi en hún hafði pantað, gulir jakkar í staðinn fyrir bláköflotta. Hún hafi skoðað vöruna uppi í Flugfrakt. Stefnda kvaðst hafa gert síðustu pöntun sína hjá stefnanda í júní 1979, þegar hún kom til að skila jökkunum.

Stefnda kvað ákaflega misjafnt að því staðið, hvernig pöntun væri gerð. Pöntunin væri skrifuð niður og oft væri viðskiptavinurinn látinn kvitta fyrir. Hún kvaðst ekki muna, hvernig það var í þessu tilviki, en taldi fyrirsvarsmenn stefnanda hljóta að vita það.

Stefnda kvaðst hafa skoðað sýnishorn af þeirri vöru, sem hún pantaði, og með henni hafi verið Svanhildur Jakobsdóttir söngkona og hafi hún mátað fyrir sig jakka í fyrirtækinu. Þetta hafi verið í „show room hjá þeim í Polland street“. Stefnda kvaðst yfirleitt fá afrit af öllum pöntunum, sem hún geri hjá stefnanda, en hún hafi annað hvort aldrei fengið afrit það, sem varðaði umrædda pöntun, eða þá að hún væri búin að týna því.

Stefnda kvaðst hafa fengið tilkynningu um vöruna í október eða nóvember, og kveðst hún hafa hringt mjög fljótlega í stefnanda og tilkynnt, að hún mundi ekki leysa út vöruna, auk þess sem hún hafi skrifað þeim bréf um miðjan desember. Það hafi ekki liðið meira en hálfur mánuður eða mánuður, frá því að hún fékk tilkynningu um, að varan væri komin til landsins, og þar til hún lét stefnanda vita, að hún mundi ekki leysa vöruna út. Hún kvaðst versla við 10—12 fyrirtæki í London, en það kæmi ekki fram á tilkynningum frá Flugfrakt, frá hverjum hver og ein sending væri. Hún kvaðst taka tilkynningarnar eftir hendinni og fara svo niður í Flugfrakt og athuga. Hún hafi orðið alveg hissa, þegar hún sá, að það var komið meira frá Top Coat, en hún hafi ekkert gert þá alveg í hvelli, en hún hafi síðan hringt í þá og skrifað út líka.

Stefnda kvaðst aldrei hafa séð dómskjöl nr. 6 og 7 fyrr á ævi sinni eða skjöl samsvarandi þeim. Hún kvaðst ekki vita, hvað það væri.

Stefnda kvaðst hafa boðið stefnanda að greiða fyrir þá geymslugjald á vörunni til þess að losna við málaferli, það hafi ekki verið svo dýrt, en hún kvað það rangt eftir sér haft, að hún hefði boðist til að greiða sendingarkostnað vörunnar.

Stefnda kvaðst hafa greitt vörur skv. tveimur efstu númerum á dskj. nr. 14, þ. e. nr. 9002 og 9081.

Vitnið Svanhildur Jakobsdóttir hefur komið fyrir dóm. Hún skýrði svo frá, að hún hefði farið með stefndu Svölu til London sumarið 1979. Hún hafi verið í skemmtiferð, en Svala hafi átt viðskiptaferð til London. Hún

hafi farið með Svölu í fyrirtæki stefnanda og þar hafi Svala pantað einhverjar flikur, sem vitnið kvaðst hafa skoðað með henni, en hún hafi ekki fylgst með, hvernig pöntunin var gerð. Hún kvaðst hafa unnið hjá Svölu tíma og tíma, en hún hafi verið hætt störfum þar, þegar sendingin kom til landsins, en Svala hafi tjáð sér, að um ranga sendingu hefði verið að ræða.

Stefnda hefur lagt fram ljósrit af bréfi til stefnanda, dags. 15. desember 1979, og hefur lögmaður hennar upplýst, að bréfið hafi verið sent stefnanda í almennum pósti.

III.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að stefnda Svala hafi pantað umræddar vörur og beri henni að greiða þær skv. reikningi. Hún hafi gert pöntunina í sýningarherbergi í fyrirtæki stefnanda í London, en engin skrifleg staðfesting hafi verið gerð af hennar hálfu. Pöntunin hafi verið gerð í júní 1979 og hafi varan verið send í þremur áföngum í júlí, ágúst og september skv. beiðni stefndu. Stefnda hafi viðurkennt að hafa pantað vörur hjá stefnanda á þessum tíma. Hluti af pöntuninni hafi þó aldrei verið sendur vegna óhagræðis í framleiðslu, sem hafi stafað af of lítilli eftirspurn. Stefnda hafi aldrei tilkynnt stefnanda, að hún mundi ekki leysa út vöruna, og beri henni því að ábyrgjast greiðslu hennar, en því sé mótmælt, að stefnandi hafi fengið í hendur tilkynningu stefndu á dskj. nr. 11. Lit og efni vöru sé aldrei breytt án samráðs við kaupanda og hafi alls ekki verið um slíkt að ræða í þessu tilviki.

Stefnda styður kröfur sínar þeim rökum, að hún hafi ekki pantað umræddar vörur. Hún hagi greitt og leyst til sín allar þær vörur, sem hún hafi pantað hjá stefnanda, og sé viðskiptum hennar og stefnanda lokið. Hún hafi aldrei skrifað undir þá pöntun, sem stefnt sé út af, og sér sé óskiljanlegt, hvers vegna henni sé send þessi vara. Hún hafi aldrei pantað umrædda vöru og þar af leiðandi hafi hún enga skyldu við stefnanda að tilkynna honum samstundis, að hún ætli ekki að leysa vöruna til sín, enda þótt hún hafi í raun gert það innan hæfilegs frests. Boð hennar um að greiða geymslugjald hafi ekki verið skuldbindandi yfirlýsing hennar um, að hún ábyrgðist vöruna, heldur einungis gert í greiðaskyni við stefnanda og til þess að losna við málþref. Stefnda beri ekki ábyrgð á mistökum stefnanda. Dskj. nr. 3 og 4 sé mótmælt sem stefndu óviðkomandi. Enn fremur dskj. nr. 16. Stefnda hafi aldrei undirritað það skjal, auk þess sem stefnandi hafi ekki getað lagt það fram í frumriti og sé því alfarið mótmælt sem röngu.

Enda þótt stefnda kynni að hafa pantað fleiri vörur en þær, sem hún

leysti út, þá séu það allavega ekki þær vörur, sem sendar voru og um er deilt.

IV.

Ósannað er, að stefnda hafi pantað umdeildar vörur að undanskildum nokkrum jökkum, sem komu með sendingunni og stefnda hefur viðurkennt að hafa pantað. Stefndu var því rétt að synja um viðtöku vörunnar. Í ljósi þeirra upplýsinga, sem fyrir liggja um viðskipti stefndu og stefnanda á þessum tíma, verður að líta svo á, að um viðskipti þeirra hafi átt að fara skv. almennum reglum um verslunarviðskipti og að stefndu hafi borið að tilkynna stefnanda þegar í stað, að hún ætlaði ekki að leysa til sín vöruna. Gildir þá einu í þessu sambandi, hvort um ranglega afgreidda pöntun hafi verið að ræða eða sendingu, sem aldrei var pöntuð.

Samkvæmt framlögðum gögnum voru vörurnar sendar til stefndu í ágúst og september 1979, og kveðst hún hafa fengið um þær tilkynningu í október eða nóvember það ár. Gegn andmælum stefnanda er ósannað, að stefnda hafi tilkynnt honum innan hæfilegs frests, að hún mundi ekki leysa út vöruna, en ekki er upplýst í málinu, hvenær stefnandi fékk fyrst sannanlega um það vitneskju.

Samkvæmt framansögðu ber að telja stefndu ábyrga fyrir greiðslu vörunnar, og þar sem stefnufjárhæðin hefur ekki sætt rökstuddum andmælum, verða kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Péttri Sigurðssyni kaupmanni og Ægi Ólafssyni kaupmanni, en uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna forfalla annars meðdómandans.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Theodóra h/f, Skólavörðustíg 5, Reykjavík, greiði stefnanda, Gústaf Þór Tryggvasyni héraðsdómslögmanni f. h. Top Coat Ltd., London, £ 906.40 með 15% ársvöxtum af £ 538.40 frá 20. ágúst 1979 til 11. september s. á., en af £ 906.40 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Greiðsla fari fram innan 15 daga frá uppkvaðningu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.